

Mál 43/2010

Ár 2010, þriðjudaginn 9. nóvember, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 43/2010

X
gegn

Y
og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda sem barst siðanefnd 31. ágúst 2010 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn með því að para tíkina Z við rakkann ZZ án þess að tíkin hefði náð tilskildum aldri við þörun auk þess sem rakkinn hafi ekki verið með gilt hnéskeljavottorð. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 3. september og henni gefinn andmælafrestur í 4 vikur. Kærða svaraði með bréfi dagsettu 8. september og sendi jafnframt annað hnéskeljavottorð fyrir rakkann sem telst vera gilt vottorð. Afrit þessara bréfa var sent kæranda til umsagnar. Kærandi svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Var þá boðaður sáttafundur með málsaðilum hinn 2. nóvember. Báðir málsaðilar kynntu mál sín fyrir nefndinni. Sættir tókust ekki og var málinu vísað til siðanefndar til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Hinn 21. mars 2010 var tíkin Z þöruð við rakkann ZZ. Tíkin er í eigu kærðu en kærða hefur umboð fyrir rakkann og var hann í hennar umsjá. Hundarnir eru af hundakyninu Chihuahua. Við þörunina var tíkin 19 og hálf mánaða gömul og hafði því ekki náð tilskildum lágmarksaldri sem sérdeild kynsins mælir með. Kærandi telur því að kærða hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn. Kærða svaraði því til að hún hefði fengið lánaðan rakka til landsins í eitt ár gagnert í þeim tilgangi að bæta ræktunina hjá sér og að á þeim tíma sem innflutningurinn átti sér stað þá voru að hennar sögn upplýsingar um það á heimasíðu sérdeildarinnar að para mætti tukur af þessu hundakyni frá 18 mánaða aldri auk þess sem hún kvaðst hafa heyrt erlenda ræktendur tala um að betra væri að para Chihuahua tukur fyrir tveggja ára aldur. Hún hafi því ákveðið að para tíkina áður en rakkann yrði skilað aftur úr landi. Einnig var kært vegna þess að hnéskeljavottorð hafi vantað fyrir rakkann, en með þörunarvottorðinu hafði borist rangt vottorð. Úr þessu var bætt og réttu vottorði skilað inn og er það því ekki kæruefni.

III: Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn. Og samkvæmt grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins ber félagsmanni að:

„Para ekki tik fyrir tveggja ára aldur (taka mið af þeim aldri er viðkomandi sérdeild mælir með).“

Þrátt fyrir aðrar upplýsingar á heimasíðu Chihuahua deildarinnar á ákveðnum tímabili þá liggur ljóst fyrir að ekki hefur verið gefin undanþága frá þessari reglu fyrir hundakynið

Chihuahua og gildir því tveggja ára reglan. Hefur kærða því gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn.

Kemur þá til skoðunar hver eru hæfileg viðurlög vegna brotsins. Kærða hefur það sér til málsbóta að hafa fengið rangar upplýsingar um leyfilegan lágmarksaldur tíka bæði á heimasíðu sérdeildarinnar og frá öðrum ræktendum. Hún hefur í alla staði komið vel fram, gengið skýlaust við broti sínu og staðfest að hún sé í dag ósammála þeim erlendu ræktendum sem vilja para tíkur undir tveggja ára aldri og hún muni framvegis virða grundvallarreglur fyrir félagsmenn.

Hjá því verður hins vegar ekki litið að kærða hefur gerst brotleg við grundvallarreglur félagsins sem eru settar með dýravernd að leiðarljósi.

Kærða telst hafa gerst brotleg við grein 3.3 í grundvallarreglum félagsins.

Kærða er áminnt.

f.h. siðanefndar

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir